

STJÓRNARTÍÐINDI B 72 – 1993

28. október 1993

903

Nr. 444

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ.

1. gr.

2. gr. g hljóði svo:

Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert. Fylgja ber ákvæðum reglugerðar um varnir gegn sullaveiki við hreinsun þeirra. Framvísa skal vottorði um hreinsun við hundaeftirlitsmann fyrir 1. desember ár hvert. Vanræksla á að láta hreinsa hund eða skila hreinsunavottorði leiðir til þess að leyfið fellur úr gildi.

2. gr.

2. gr. i hljóði svo:

Hundar á lögbýlum eru undanþegnir leyfisgjaldi sbr. lið b. Um þá gilda að öðru leyti ákvæði þessarar samþykktar.

3. gr.

4. gr. hljóði svo:

Hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Sama gildir um óleyfilega hunda og hættulega hunda. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað ef nauðsyn krefur.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hunda, sem ekki eru hættulegir, er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað að 10 dögum liðnum frá því hann kom í vörslu eftirlitsmanns.

Sé um handsömun að ræða á skráðum hundum skal tilkynna eigendum þeirra strax um handsömun þeirra. Sé þeirra ekki vitjað innan 2 daga frá því að eigandi veit af handsömun, má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér.

4. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Mosfellsbæjar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og 1. gr. laga nr. 7/1953 um varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast þegar gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. október 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.